

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 212/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/50 frá 11. janúar 2019 um breytingu á II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórántranilípról, klómasón, sýklanilípról, fenasakín, fempícoxamíð, flúoxastróbín, lambda-sýshalótrín, mepíkvat, laukolíu, þíaklópríð og valífenalat í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 28.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/58 frá 14. janúar 2019 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir línúron í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0050:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/50 frá 11. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 10, 14.1.2019, bls. 8), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 28,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 10, 14.1.2019, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 12, 15.1.2019, bls. 1.

- **32019 R 0058**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/58 frá 14. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 12, 15.1.2019, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0050**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/50 frá 11. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 10, 14.1.2019, bls. 8), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 28,

- **32019 R 0058**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/58 frá 14. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 12, 15.1.2019, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/50, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 28, og reglugerðar (ESB) 2019/58, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.